

Fimmtudaginn 24. september 1998.

Nr. 378/1998.

Ákærvaldið

(Ragnheiður Harðardóttir saksóknari)

gegn

Hans Steinari Bjarnasyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Vanhæfi. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 7. september 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 9. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. september 1998, þar sem Júlíus B. Georgsson, settur héraðsdómari, hafnaði kröfu varnaraðila um að víkja sæti í máli ákærvaldsins á hendur honum. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að dómaranum verði gert að víkja sæti í málinu, svo og, að málsvarnarlaun í þessum þætti málsins í héraði og fyrir Hæstarétti verði tildæmd úr ríkissjóði.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Málsvarnarlaun vegna þessa þáttar málsins verða ekki dæmd.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. september 1998.

Með ákærskjali, dagsettu 30. júní sl., höfðaði ríkissaksóknari opinbert mál á hendur ákærða, Hans Steinari Bjarnasyni, kt. 290673-3219, Blönduhlíð 20, Reykjavík, „fyrir kynferðisbrot með því að hafa að morgni laugardagsins ... 1998 í herbergi í íbúð að ..., Reykjavík, fært stúlkuna A, 19 ára, sem þar svaf, úr nærbuxum og haft samfarir við stúlkuna, sem sökum svefndruna skynjaði ekki, hvað gerst hafði, fyrr en samfarirnar höfðu staðið nokkra stund“.

Háttsemi ákærða er í ákæru talin varða við 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 40/1992. Þá er af hálfu A krafist skaðabóta úr hendi ákærða, að fjárhæð 600.000 krónur, auk vaxta.

Málið var þingfest 22. júlí sl. Krafðist verjandi þess þá, að dómari víki sæti í málinu. Af hálfu ákæruvalds var kröfunni mótmælt. Ákveðið var að fresta meðferð kröfunnar til 24. ágúst sl. Var hún tekin fyrir og um hana fjallað þann dag.

Dómkröfur ákærða eru þær, að dómari víki sæti í málinu og ákærða úrskurðuð málsvarnarlaun að mati dómsins. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að kröfunni verði hafnað og ákæran tekin til efnismeðferðar.

Ákærði reisir kröfu sína á 6. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Til stuðnings kröfunni bendir hann á, að kærandi málsins og bótakrefjandi, stúlkan A, sé dóttir eins af dómurum við Héraðsdóm . . . Faðir kæranda hafi einnig komið að málinu þegar við komu kæranda í neyðarmóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur að morgni 18. apríl sl., en auk þess komi fram í samantekt rannsóknara um málið, að faðirinn hafi komið með dóttur sinni til lögreglu, þegar kæra var sett fram. Að svo vöxnu máli kunni að koma til þess, að faðir kæranda verði kvaddur fyrir dóm sem vitni. Líta beri til þess, að faðir kæranda er starfsfélagi dómarsins og að þeir hafa starfað saman um árabíl. Gera megi ráð fyrir því, að vegna eðlis málsins muni fjölskipaður dómur fjalla um málið, og hljóti hæfi meðdómenda þá einnig að koma til athugunar. Þá verði sakborningur að geta borið fyllsta traust til þess dómara, sem fer með mál hans.

Af ákæruvaldsins hálfu er á það bent, að um þær aðstæður, sem g-liður 5. gr. laga nr. 91/1991 tilgreinir, sé ekki að ræða í máli þessu. Í athugasemdum með greininni komi ekkert fram, sem sýni, að fyrir löggjafanum hafi vakað að breyta vanhæfisákvæðum réttarfarslaga, að því er varðar dómara, frá því sem fyrr var. Þá sé því mótmælt, að þörf sé á, að faðir kæranda komi fyrir dóm sem vitni.

Eins og áður er að vikið, reisir ákærði kröfu sína á 6. gr. laga nr. 19/1991, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991. Í 1. mgr. 6. gr. fyrrnefndu laganna segir, að dómari víki sæti í máli skv. lögunum, ef svo stendur á sem segir í lögum um meðferð einkamála. Í 5. gr. síðarnefndu laganna er rakið í sjö stafliðum, hvenær dómari, þar á meðal meðdómsmaður, sé vanhæfur til að fara með mál. Í g-lið tilvitnaðrar lagagreinar segir, að dómari sé vanhæfur, ef um er að ræða önnur atvik eða aðstæður, sem fallnar eru til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa. Hér er því um að ræða reglu reista á mati á aðstæðum hverju sinni, andstætt því, sem gildir um þær reglur, sem aðrir stafliðir greinarinnar byggjast á.

Í máli því, sem hér er til úrlausnar, er sú aðstaða uppi, að faðir kæranda og um leið lykilvitnis í málinu er dómari við þann dómstól, þar sem málið er rekið. Þrátt fyrir það að málið sé þannig vaxið, eru að mati dómsins þær ástæður, sem ákærði reisir kröfu sína á, ekki þess eðlis, að þær valdi því, að dómari fái eigi litið óhlutdrægt á málavexti. Verður samkvæmt framan-sögðu að hafna kröfu ákærða.

Júlíus B. Georgsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómari í sakamálinu nr. 647/1998: Ákærvaldið gegn Hans Steinari Bjarnasyni, vîkur ekki sæti.
